



## **Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 8. nóvember 2022 klukkan 17:00.**

**Mættir:** Hjörtur Bergstað, Íva Rut Viðarsdóttir, Árni Geir Eyþórsson, Sigurbjörn Þórmundsson, Vigdís Matthíasdóttir og Einar Gíslason.

### **1. Reiðhallarlóðir**

Formaður er í viðræðum við forsvarsmenn pólitíkurinnar hjá borginn um úthlutun reiðhallarlóða á íþróttasvæði Fáks. Þá er formaður einnig í sambandi við barna- og íþróttamálaráðherra um æskulýðsmál.

### **2. Nefndarfundir**

Nefndarfundir eru framundan. Æskulýðsnefnd mun auglýsa sér fund og þá er fræðslunefndarfundur 16. nóvember. Auglýstir verða fundarkvöld fyrir aðrar nefndir.

- Mótanefnd og hugsanlegar nefndir í staðin:
  - Vetrarmótanefnd 2 mót
  - Reykjavíkurmestaramótsnefnd
  - Gæðingamótsnefnd
  - Firmakeppnisnefnd
  - Almennadalsmótsnefnd
- Viðburðarnefnd – Stórsýning Fáks og Dagur reiðmennskunnar
- Útreiðanefnd
- Reiðveganefnd
- Æskulýðsnefnd
- Fræðslunefnd

### **3. Uppskeruhátíð Fáks**

Stjórn ákveður að halda Uppskeruhátíð Fáks 24. nóvember næstkomandi. Auglýst verður eftir árangri keppenda frá og með morgundeginum.

**Fundi slitið 17:50**

**Fundargerð ritaði Einar Gíslason**